

30. júní 2019

Athugasemd við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2020-2030

Skaftafell er frægt fyrir náttúrufergurð og er einn af vinsælustu ferðamannastöðum landsins. Fólk flykkist að í þeim tilgangi að upplifa hreina og tæra náttúru í stórbrotnu umhverfi Örfæa. Vatnajökulsþjóðgarður er í ferli til að öðlast sæti á heimsminjaskrá UNESCO en það yrði merkilegur áfangi fyrir þjóðgarðinn og mikil lyftistöng og viðurkenning fyrir svæðið og Ísland.

Ný tillaga til breytinga á aðalskipulagi í Skaftafelli brýtur í bága við þessi atriði en verði af henni mun ásýnd lands og upplifun ferðamanna er þeir koma inn í Vatnajökulsþjóðgarð gjörbreytast. Framkvæmdin yrði stórtæk og vel sýnileg af mörgum helstu útsýnisstöðum í Skaftafellsheiði, af sandinum og við innkomu í þjóðgarðinn. Nú þegar Skeiðará hefur fært sig um set hefur gróður tekið sér bólfestu á aurnum utan við Skaftafell og nýtt líf teygir sig æ lengra út. Það væri viðeigandi að friða svæði í svo mikilli nálægð við þjóðgarðinn til þess að varðveita ásýnd og friðsældina sem þar nú ríkir. Það er hægt að líta á Skaftafell, jöklana og sandinn sem eina landslagsheild sem ekki ætti að rjúfa.

Stefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar er samkvæmt aðalskipulagi að byggja ekki upp nýja byggðakjarna í Örfæum heldur bæta við þá sem fyrir eru. Þessi tillaga að breytingu aðalskipulags brýtur beinlínis gegn þeirri stefnu. Ef þörf og eftirspurn er eftir gististöðum á svæðinu mætti byggja upp þar sem þegar er byggð frekar en að raska svæði í heimreið þjóðgarðs. Þá má einnig spyrja hvort raunveruleg þörf sé fyrir aukið gistiþláss í þessum mæli í Örfæum í ljósi þeirrar aukningar sem nýlega hefur orðið, sbr. viðbyggingu Hótel Jökulsárlóns, nýbyggingar Nónhamars á Hofi og nýtt gistirými í Svínafelli.

Ef þessi breyting á sér stað er hætt á að þjóðgarðurinn hljóti ekki nafnbótina frá UNESCO fyrir utan þann skaða sem hún myndi valda umhverfi og upplifun ferðamanna og íbúa á staðnum.

Með kveðju,

Erla Guðný Helgadóttir, leiðsögumaður og jarðfræðingur

Svanhvít Helga Jóhannsdóttir, leiðsögumaður og íbúi í Örfæum